

**Sp. 145. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]**

um ný atvinnutækifæri á Suðurlandi.

Flm.: Sigurður Óskarsson, Guðmundur Karlsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefjast nú þegar handa um aðgerðir sem tryggja geti ný atvinnutækifæri á Suðurlandi, m. a. með ákvörðunum sem tryggja staðsetningu orkufréks iðnaðar á Suðurlandi, með því að hlutast til um gerð iðnþróunaráætlunar fyrir Suðurland og með ítarlegri könnun á möguleikum hefðbundinna atvinnugreina þessa landssvæðis, þ. e. landbúnaðar, sjávarútvegs og þjónustu.

**Greinargerð.**

Þörf fyrir ný atvinnutækifæri er mjög mikil á Íslandi í dag. Stærstu árgangar, sem fæðst hafa í landinu, munu koma inn á vinnumarkaðinn næstu ár. Þar sem saman fer mikill íbúafjöldi í sveitabyggð og óvenjuhátt hlutfall ungs fólks verður sá vandi, sem á höndum er, þeim mun meiri. Svo er á Suðurlandi.

Við alla umfjöllun um sunnlenskan vinnumarkað er óhjákvæmilegt að meta þau áhrif, sem nær óslitin stórvirkjanabygging í hálfan annan áratug hefur haft, og hvaða áhrif það mun hafa á afkomu mörg hundruð heimila er þessari vinnu lýkur nú senn á Suðurlandi.

Svo langur óslitinn virkjanatími sem hér um ræðir hefur óhjákvæmilega leitt til þess, að hundruð fjölskyldumanna hafa byggt íbúðarhús í sunnlenskum kaupþúnum í þeirri von, að möguleikar samfara þessum virkjunum yrðu nýttir til atvinnusköpunar á Suðurlandi.

Undir trú þessa fólks á slíka niðurstöðu mála hafa stjórnvöld gjarnan ýtt með margháttuðum viljayfirlýsingum og hefur í því sambandi oft verið talað um hvers konar smáíðnað.

Nú er ljóst, m. a. af nýjum skýrslum, sem byggðar eru á könnun iðnráðgjafa Suðurlands er fram fór í október og nóvember s. l., að um svo til algjöra stöðnun og jafnvel samdrátt er að ræða í iðnrekstri hjá starfandi iðnfyrirtækjum í Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjum.

Undantekning frá þessu er einungis hjá fimm af þeim rúmlega 60 iðnfyrirtækjum með 440—497 starfsmenn, sem könnunin náði til.

Í niðurstöðu könnunar í Vestur-Skaftafellssýslu kemur í ljós, að fyrirtæki í Vík í Mýrdal virðast búa yfir nokkrum vaxtarbroddi. Forsenda fyrir stækkun fyrirtækja þar virðist þó vera bætt og aukin sölustarfsemi, stækkun húsnæðis og bættur vélakostur.

Könnun á stöðu iðnfyrirtækja í Árnessýslu er ekki lokið, en ekkert bendir til þess, að niðurstöður þar verði frábrugðnar því sem hér hefur verið lýst.

Með tillögu þessari er ríkisstjórninni falið að grípa til beinna aðgerða, sem tryggt geti ný atvinnutækifæri á Suðurlandi og forðað því fólki frá hörmungum atvinnuleysis, sem undan-gengin ár hefur verið með störfum sínum við virkjanabyggingar á Suðurlandi að leggja grunn að atvinnuöryggi í öðrum landshlutum.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að staðsetning orkufreks iðnaðar á Suðurlandi verði ákveðin, því ljóst er að allar vonir um uppbyggingu smáíðnaðar hafa brostið. Ekkert er eðlilegra en að orka sunnlenskra fallvatna sé nýtt til atvinnusköpunar á Suðurlandi þar sem fátt er um kosti við hafnlausu strönd.

Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir að hlutast verði til um gerð iðnþróunaráætlunar fyrir Suðurland, sem tryggi eðlilega þróun vinnumarkaðar á þessu landssvæði í framtíðinni.

Þá gerir tillagan ráð fyrir ítarlegri könnun á möguleikum hefðbundinna atvinnuvega þessa landssvæðis til vinnumarkaðsuppbyggingar.

Ljóst er að tvær síðastnefndu aðgerðirnar eru yfirgripsmiklar og tímafrekar og forðað ekki sunnlensku atvinnulífi frá stórkostlegum áföllum einfaldlega vegna þess, að árangurs vegna þeirra er ekki að vænta fyrr en eftir nokkurn tíma.

Ákvörðun um staðsetningu orkufreks iðnaðar á Suðurlandi mundi aftur á móti þegar skapa ný viðhorf og glæða vonir íbúa þessa landshluta um tryggari framtíð.